

**103. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
5. apríl 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Bára Daðadóttir formaður, Sandra Margrét Sigurjónsdóttir varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Kolbrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi kennara grunnskóla, Brynhildur Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólastjóra, Heiða B. Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara, Sýlvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Jón Hjörvar Valgarðsson áheyrnarfulltrúi ungmenna, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri tónlistarskóla, Heiðrún Janusardóttir áheyrnarfulltrúi, Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Friðbjörg Eyrún Sigvaldadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1903019 - Leikskólar - fjölgun skipulagsdaga

Erindi frá leikskólastjórum á Akranesi um fjölgun skipulagsdaga.

Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólaskólastjóra, Heiða B. Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara og Sýlvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna sitja fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að frá og með næsta starfsári 2019 - 2020 verði 5 skipulagsdagar á leikskólum á Akranesi. Skóla- og frístundaráð mælist til þess að skipulagsdagar leik og grunnskóla verði eins margir sameiginlegir og kostur er og skólarnir verði í samstarfi um ákvörðun um skipulagsdaga skólanna.

Skóla- og frístundaráð felur sviðsstjóra að vinna að leiðum með stjórnendum frístundarinnar til að vera með valkosti í frístundastarfi fyrir börn í grunnskólum á starfstíma þegar ekki er skóli.

Með því að fjölga starfsdögum vill skóla- og frístundaráð stuðla að bættu starfsumhverfi í leikskólum á Akranesi.

2. 1811110 - Íbúáþing um skólamál

Framhald á umræðu um áherslur og framkvæmd á íbúáþingi um menntamál.

Björg Jónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólaskólastjóra, Heiða B. Guðjónsdóttir áheyrnarfulltrúi leikskólakennara og Sýlvía Hera Skúladóttir áheyrnarfulltrúi foreldra leikskólabarna, Jónína Erna Arnardóttir skólastjóri Tónlistarskóla Akraness, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Grundaskóla, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Brekkubæjarskóla, Heiðrún Janusardóttir fulltrúi Þorpsins, Kolbrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla og Jón Hjörvar Valgarðsson fulltrúi ungmenna sitja fundinn undir þessum lið.

3. 1904070 - Húsnæðismál grunnskólanna

Umræða um húsnæðismál grunnskólanna á Akranesi.

Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Brekkubæjarskóla, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi stjórnenda í Grundaskóla og Kolbrún Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi kennara í Brekkubæjarskóla.

Skóla- og frístundaráð leggur til að stofnaður verði vinnuhópur með fulltrúum beggja grunnskólanna sem leiddur yrði af sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs. Verkefni vinnuhópsins er að meta stöðuna í grunnskólunum varðandi rými og fjölda nemenda fyrir upphaf skólaárs 2020 og leggja fram tillögur að skrefum til þess að mæta væntanlegri íbúafjölgun á næstu árum. Óskað er eftir að tillögur verði kynntar í skóla- og frístundaráði fyrir lok september 2019 þannig að hægt verði að taka mið af þeim við næstu fjárhagsáætlanagerð. Vinnuhópurinn skal taka mið af þeim gögnum sem nú þegar liggja fyrir auk annarra gagna sem málið varðar.

4. 1904055 - Norðurálmótið 2019 - samningur

Endurnýjun á samningi Akraneskaupstaðar og Knattspyrnufélags ÍA vegna Norðurálmóts í Knattspyrnu.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að endurnýja samning við KFÍA vegna Norðurálmóts til þriggja ára með sömu upphæð og síðasta ár með vísitöluhækkun. Tillögu vísað í bæjarráð.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.

*Báre Dáðadóttir
Sandra M. Sigurjónsdóttir.*